



13. september 2023

Tilv.: 2309053

Dreifibréf númer: 45/2023
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Reglur um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD og CRR.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út þrjú umræðuskjöl, nr. 13-15/2023, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 1. og 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í umræðuskjali nr. 13/2023 er að finna drög að nýjum reglum um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2023/51 um útreikning áhættuveginna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Með gildistöku regnanna falla úr gildi reglur nr. 750/2023 um sama efni.

Í umræðuskjali nr. 14/2023 er að finna drög að nýjum reglum um vörpun lánsþæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2022/2365, sem breytir reglugerð (ESB) 2016/1801, varðandi það hvernig vörpunartöflur samsvara lánsþæfismati utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja fyrir verðbréfun. Með reglunum falla úr gildi reglur nr. 1166/2022 um sama efni.

Í umræðuskjali nr. 15/2023 er að finna drög að nýjum reglum um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2023/313 varðandi viðmiðunareignasafn, skýrslusniðmát og leiðbeiningar fyrir skýrslugjöf um notkun innri aðferða. Með reglunum falla úr gildi reglur nr. 397/2023 um sama efni.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 27. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólffson
forstöðumaður
fjárhagslegir áhættuþættir

